

119

4. gr.

29. des. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1952, og skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 51/1951 og geta síðan þau lög út svo breytt.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1951.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Steingrímur Steinþórsson.*

120

## L Ö G

20. des.

um breyting á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málslíður 8. gr. laganna orðist svo:

Til þessarar deildar ganga frá 1. janúar 1951 15% af tekjum fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1951.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

121

## L Ö G

20. des.

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsg. svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á, að setja þarf nýja aflvél í vélbát, sem lán hvílir á í stofnlánadeild sjávarútvegsins, þá skal stjórn stofnlánadeildarinnar heimilt að veita veðleyfi til þess að veðsetja megi skipið, ásamt hinni nýju vél, með fyrsta veðrétti fyrir nýju láni til vélakaupanna, er nemi allt að ⅓ hlutum af verði vélarinnar. Víkur þá

hið fyrra stofnlán stofnlánadeildarinnar fyrir þessu nýja láni, enda liggi einnig fyrir samþykki ábyrgðarmanna og síðari veðhafa, ef einhverjir eru, til þess að veðin færist þannig aftur. 121  
20. des.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1951.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## AUGLÝSING

122

28. des.

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum milli sendiráðs Íslands í París og utanríkisráðuneytis Frakklands var hinn 6. desember 1951 gert samkomulag um viðskipti og greiðslur milli Íslands og Frakklands á tímabilinu frá 1. desember 1951 til 30. nóvember 1952.

Samkvæmt viðskiptasamningnum er heimiluð sala til Frakklands á ofan- nefndu tímabili á allt að 3 000 smálestum af nýjum og frosnum fiski, 600 smálestum af nýrri, saltaðri eða frystri síld, 850 smálestum af saltfiski, harðfiski eða reyktum fiski, 8 000 tunnum af söltuðum hrognum, 60 smálestum af frystum hrognum, 20 smálestum af nýjum eða frystum laxi og auk þess ýmsum öðrum vörum fyrir 20 milljónir franka.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 28. desember 1951.*

Bjarni Benediktsson.

*Magnús V. Magnússon.*

## AUGLÝSING

123

28. des.

um viðskipta- og greiðslusamkomulag milli Íslands og Póllands.

Hinn 14. desember 1951 var undirrituð í Varsjá bókun um viðskipti milli Íslands og Póllands á árinu 1952 í samræmi við viðskiptasamning frá 18. nóvember 1949 milli Íslands og Póllands. Sama dag var undirrituð bókun um nokkrar breytingar á greiðslusamningnum milli Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949, er gilda frá 1. janúar 1952 til 31. desember 1952.

Samkvæmt bókuninni um viðskipti á árinu 1952 eru heimilaðar sölur til Póllands á allt að 50 000 tunnum af saltsíld, 5 000 smálestum af fiskimjöli, 1 500 smálestum af frystri síld, 1 000 smálestum af frystum fiskflökum, 500 smálestum af meðalalýsi og 800 smálestum af gærum.